

3H Travel ehf
Markarflöt 5
210 Garðabær

Reykjavík 3. maí 2019
UST201904-193/09.07.01
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda- Bláfjallafólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn 3H Travel ehf. dagsett 15. apríl 2019, um leyfi framkvæða við göngustíg sem liggur milli skíðasvæðisins í Bláfjöllum og Þríhnúkagígs innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að fara með smágröfu með fleyg eftir stígnum sem liggur milli skíðasvæðisins í Bláfjöllum og Þríhnúkagígs. Tilgangurinn með verkinu er að færa til niðurgrafið grjótt og brjóta ofan af stein nibbum sem standa upp úr núverandi stíg og skapa slysaheittu fyrir fólk sem gengur eftir honum. Til þess að hylja nibburnar sem standa upp úr og gera stíginn öruggari þyrfti umtalsvert magn af mól til að hylja þær. Með því að færa til og brjóta ofan af steinum minnkar það magn af mól sem þarf að flytja inn á svæðið og slysaheitta minnkar. Um er að ræða tvo 7-800 metra langa kafla og er gert ráð fyrir að um 90% af grjóttinu sé hægt að færa til með gröfunni en restina þurfi að brjóta ofan af. Grafan er um einn metri á breidd og er á gúmmibeltum. Vélin er lekavottuð og yrði keyrð eftir stígnum sjálfum. Þar sem stígurinn er ekki nógu breiður væri notast við krossviðarplötur undir beltin. Að verkinu kæmu 4 manns með eina gröfu vorið 2019 og ráðgert er að verkið taki 2-3 daga. Þann 4. júní 2019 yrði keyrð mól í stíginn með hjólbörum og hann lagfærður.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé þeim skilyrðum sem sett eru fyrir framkvæmdinni fylgt. Um er að ræða framkvæmd sem ætlað er að draga úr slysaheittu á svæðinu og vera gestum svæðisins til hagsbóta.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir 3H Travel fyrir sitt leyti leyfi fyrir því að fara með smágröfu eftir stígnum sem liggur milli skíðasvæðisins í Bláfjöllum og Þríhnúkagígs innan Bláfjallafólkvangs á smágröfu og brjóta ofan af grjóttinu sem stendur upp úr stígnum sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 3. maí- 4. júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal aka smágröfuni eftir stígnum. Þar sem stígur er of mjór skal setja krossviðarplötur eða gúmmímottur undir beltin til að minnka líkur á raski. Fjarlægja skal öllu ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um framkvæmdina.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur